

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 – 1995

23. apríl 1995

477

Nr. 235

AUGLÝSING

um frestun gildistöku reglugerðar um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu nr. 81/1995 með síðari breytingu.

1. gr.

Gildistaka reglugerðar um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu nr. 81/1995 með síðari breytingu frestast uns annað verður auglýst.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og 20. gr. laga nr. 97/1990 með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. apríl 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Dögg Pálsdóttir.

21. apríl 1995

Nr. 236

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum fyrir Suðausturlandi.

1. gr.

Frá og með 1. maí 1995 til og með 14. maí 1995 eru allar togveiðar bannaðar fyrir Suðausturlandi, innan 9 sjómílna frá viðmiðunarlínu, sbr. 3. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Að vestan markast svæðið af 18°V og að austan af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Hvítungum (viðmiðunarpunktur).

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. apríl 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um friðun Stöðvarfjarðar vegna eldisrannsóknna Hafrannsóknastofnunarinnar.

1. gr.

Frá og með 1. maí 1995 til og með 30. apríl 1996 eru allar veiðar á Stöðvarfirði bannaðar innan línu, sem dregin er frá Landatanga norðan fjarðarins í Rastarhæl sunnan fjarðarins.

Þrátt fyrir 1. mgr. er Hafrannsóknastofnuninni heimilt að stunda eða láta stunda veiðar á Stöðvarfirði í rannsóknaskyni.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. apríl 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.